

**Athugasemd vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 74/2012, um veiðigjöld. – Þingskjal 15 – 15. mál.**

Ágætu þingmenn í atvinnuveganefnd.

Að gefnu tilefni skal rifjuð upp niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslunnar 20. október 2012. Fyrsta spurningin af sex hljóðaði svo: *Vilt þú að tillögur stjórnlagaráðs verði lagðar til grundvallar frumvarpi að nýrri stjórnarskrá?* Um 67% þeirra kjósenda sem afstöðu tóku til spurningarinnar svöruðu henni játandi.

Í tillögum stjórnlagaráðs sem dreift var inn á flest heimili landsins í aðdraganda þjóðaratkvæðagreiðslunnar stendur m.a. í 34. gr. um náttúruauðlindir:

*”Við nýtingu auðlindanna skal hafa sjálfbæra þróun og almannahag að leiðarljósi. Stjórnvöld bera, ásamt þeim sem nýta auðlindirnar, ábyrgð á vernd þeirra. Stjórnvöld geta á grundvelli laga veitt leyfi til afnota eða hagnýtingar auðlinda eða annarra takmarkaðra almennagæða, gegn fullu gjaldi og til tiltekins hóflegs tíma í senn. Slík leyfi skal veita á jafnræðisgrundvelli og þau leiða aldrei til eignaréttar eða óafturkallanlegs forræðis yfir auðlindum.”*

Við lestur þessa lagafrumvarps verður ekki séð að höfundar þess hafi tekið mið af tillögum stjórnlagaráðs og skýrum vilja kjósenda sem birtist m.a. í textanum hér að ofan. Með því móti væri verið að hunsa sjálfsákvörðunarrétt þjóðarinnar og yrðu téð lög því bæði óréttmæt og ólýðmæt.

Þessu til áréttingar má minna á að þorri þeirra sem afstöðu tóku í þjóðaratkvæðagreiðslunni (um 83%) svöruðu annarri spurningunni einnig játandi. Hún hljóðaði svo: *Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði náttúruauðlindir sem ekki eru í einkaeigu lýstar þjóðareign?*

Þannig getur enginn vafi leikið á því hver vilji þjóðarinnar er í þessu máli. Mikill meirihluti kjósenda vill að sjávarauðlindir séu í þjóðareigu og að nýtingarréttur sé aðeins veittur til hóflegs tíma í senn og gegn fullu gjaldi. Tilgangurinn með þessu frumvarpi virðist hins vegar vera að lækka veiðigjöld á útgerðarfyrirtækin og minnka þannig arð þjóðarinnar af nýtingu auðlindarinnar.

Virðingarfyllst,

Reykjavík, 26. júní, 2013.

Sigurður Hreinn Sigurðsson,  
Suðurgötu 8, 101 Rvk.